

Málsnr.: 1805023
Skjalasafn Dalabyggðar



22. ÁGÚ. 2018

Bréfalýkill 14.02.01

Dalabyggð
Sveinn Pálsson, sveitarstjóri
Miðbraut 11
370 Búðardalur

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 17. ágúst 2018
Tilv.: ANR18050291/06.01

Vísað er til tölvupósts þíns til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 22. maí 2018. Í tölvupóstinum kemur m.a. fram að sveitarstjórn Dalabyggðar hafi nú til afgreiðslu tilboð í allar eignir Dalabyggðar á Laugum þ.m.t. jarðhitaréttindi. Í tölvupóstinum er vísað til þess að ríkissjóður hafi forkaupsrétt vegna sölu jarða með jarðhitaréttindi frá sveitarfélagi, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, en þar segir: „Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum eða við sölu jarðar frá sveitarfélagi.“ Með hliðsjón af því ákvæði óskar þú eftir svari varðandi það hvort ríkissjóður muni nýta sér forkaupsrétt sinn.

1. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið óskaði eftir svari frá fjármála- og efnahagsráðuneyti um hvort ráðuneytið hygðist nýta sér forkaupsrétt sinn, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Svar fjármála- og efnahagsráðuneytisins barst atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu með tölvupósti, dags. 4. júlí 2018. Þar kemur fram að fjármála- og efnahagsráðuneytið hafi ákveðið að falla frá forkaupsrétti sínum.

2. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið óskaði einnig eftir umsögn Orkustofnunar um erindi þitt.

Umsögn Orkustofnunar barst ráðuneytinu með bréfi dags. 15. ágúst 2018 (sjá fylgiskjal). Í umsögninni kemur m.a. fram að það sé niðurstaða Orkustofnunar að Dalabyggð sé, með vísan til 3. gr. a. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti eignarrétt að jarðhita og grunnvatni umfram heimilis- og búsparfir. Því þurfi að skilja umrædd jarðhitaréttindi frá öðrum eignum sveitarfélagsins sem fyrirhugað er að selja. Þó er Dalabyggð heimilt, sbr. 2. mgr. 3. gr. a., að framselja réttindi sveitarfélagsins til félags sem er alfarið í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og sérstaklega stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda.

3. Niðurstaða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis:

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið telur, m.a. með hliðsjón af umsögn Orkustofnunar og 1. mgr. 3. gr. a. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, að Dalabyggð sé óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti eignarrétt að jarðhita og grunnvatni umfram

heimilis- og búsparfir. Því þarf að skilja umrædd jarðhitaréttindi frá öðrum eignum sveitarfélagsins sem fyrirhugað er að selja. Þó er Dalabyggð heimilt, sbr. 2. mgr. 3. gr. a., að framselja réttindi sveitarfélagsins til félags sem er alfarið í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og sérstaklega stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda. Þá er ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu, sbr. 2. mgr., heimilt að veita tímabundið afnotarétt að réttindum skv. 1. mgr. 3. gr. a. til allt að 65 ára í senn. Handhafi tímabundins afnotaréttar skal eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn. Við ákvörðun um það hverjum skuli veittur afnotaréttur skal gæta jafnræðis. Þá skal gæta þess að ákvörðunin stuðli að hagkvæmri nýtingu auðlinda og fjárfestinga í mannvirkjum.

Fyrir hönd ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra


Ingvi Már Pálsson


Hreinn Hrafnkelsson

Fylgiskj.: Umsögn Orkustofnunar